

Gunnar Valur Gíslason, formaður menningarmálanefndar
Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi
Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri

Erindi: Menningarstarfsemi Grósku og áframhaldandi samstarf við Garðabæ

Ágætu forráðamenn Garðabæjar.

Myndlistarfélagið Gróska hefur fest sig í sessi í menningarlífi Garðabæjar á þeim rúmlega áratug sem félagið hefur verið starfrækt. Boðið hefur verið upp á nokkrar sýningar á ári, *Sumarsýningu*, *Örsýningu* á Menningaruppskeruhátíð Garðabæjar, *Jónsmessugleði* og *Haustsýningu*. Auk þess hefur Gróska efnt til ýmissa annarra sýninga bæði innan og utan bæjarfélagsins og haldið nokkra opna fyrirlestra þar sem sérfræðingar hafa fjallað um menningarleg efni. Félagið stendur einnig fyrir námskeiðum fyrir félagsmenn, þar sem fagfólk hefur kennt aðferðir og tækni, og það hefur síðan skilað sér í sífellt vandaðri listviðburðum. Þá hefur Gróska verið í farsælu samstarfi við Bókasafn Garðabæjar í nokkur ár, þar sem nýr listamaður frá Grósku tekur við sem listamaður mánaðarins um hver mánaðamót.

Umfangsmesti viðburður félagsins hefur verið hin vinsæla *Jónsmessugleði* sem hefur verið haldin árlega við Strandstíginn neðan Sjálandshverfis frá árinu 2009 með einkunnarorðunum „Gefum, gleðjum og njótum“. Auk félaga úr Grósku hafa gestalistamenn hvaðanæva af landinu lagt þessari sýningu lið og boðið hefur verið upp á fjölbreytta viðburði með tónlist, leiklist, dansi, uppistandi, gjörningum o.fl. Jónsmessugleði Grósku er umfangsmikill menningarviðburður og vafalaust sá fjölsóttasti í bænum. Jónsmessugleði hefur mælst vel fyrir enda hafa gestir flykkst að þúsundum saman á hverju ári. Félagsmenn Grósku standa fyrir og skipuleggja Jónsmessugleðina í samstarfi við Garðabæ. Þarna má þó jafnframt segja að sé vísir að nokkurs konar bæjarhátíð Garðabæinga og er óvenjulegt og jafnvel einstakt að hún skuli haldin að undirlagi frjálsra félagasamtaka eins og Grósku. Þetta hefði þó ekki verið unnt án tilstyrks og samstarfs Garðabæjar enda hefur samstarfið verið farsælt og gott. Þá má geta þess að listamenn í öðrum bæjafélögum hafa síendurtekið horft til kröftugs starfs félagsins og þótt það eftirsóknarvert. Gróska hlaut viðurkenningu á Menningaruppskeruhátíð Garðabæjar í maí 2019 fyrir merkt framlag til menningar og lista. – Fyrir Gróskufélaga var sú viðurkenning fyrst og fremst staðfesting á því að Garðabær metur mikils það óeigingjarna og framsækna hugsjónastarf sem félagsmenn hafa lagt fram til að byggja upp einstakt menningarstarf Grósku. Starfsemi sem hefur sett skýrt og sögulegt mark á menningarsögu Garðabæjar. Það er því líka afar mikilvægt að því starfi sé haldið á lofti og það metið að verðleikum.

Að undanförmu hefur menning í Garðabæ verið auglýst í miðlum bæjarins þar sem fjölmargir frábærir listamenn sem tengjast bænum hafa verið taldir til og komið fram. Það kemur því svolítið á óvart að stórt listafélag eins og Gróska sem hefur árum saman verið áberandi í sýningahaldi og menningarlífi bæjarins skuli hvergi vera nefnt á nafn eða kallað til þátttöku. Við hefðum gjarnan viljað taka þátt í þessu og höfum ýmsar hugmyndir. Til dæmis mætti vera með sýningu og listamannaspjall þar sem hver listamaður segði frá sínu verki og tækni. Þetta og fleira væri framkvæmanlegt þó svo að Covid sé í gangi.

Venjulega hafa fulltrúar úr stjórn Grósku hitt forráðamenn Garðabæjar í mars eða apríl til að fara yfir málefni félagsins og ræða samstarfið við Garðabæ. Vegna ástandsins í þjóðfélaginu frestaðist þessi fundur í vor og var síðan frestað aftur í haust án þess að ákveðin væri nein önnur tímasetning. Nú líður að lokum ársins 2020 og því viljum við ítreka að við óskum eftir að hinn árlegi fundur verði haldinn, hvort sem það verður fjarfundur eða fundur á staðnum í Sveinatungu. Brýnt er að fara yfir verkefni sem framundan eru og áframhaldandi samstarf Grósku og Garðabæjar.

Samstarfssamningurinn rann út í júní 2019 og átti að endurnýja hann í árslok 2019. Nú hefur þetta dregist óhóflega á langinn vegna erfiðra aðstæðna en við viljum gjarnan halda hinu góða samstarfi við Garðabæ áfram og gerum ráð fyrir að það sé gagnkvæmt. Við óskum eftir að samningurinn verði endurnýjaður sem allra fyrst. Garðabær hefur heldur ekki afgreitt neinn styrk til Grósku þetta árið eins og venjulega hefur verið gert og óskum við eftir frekari samtali vegna þess.

Í samstarfssamningnum hefur verið kveðið á um árlegan styrk frá Garðabæ til Grósku en á móti hefur Gróska skuldbundið sig til að standa fyrir að minnsta kosti þremur listviðburðum á ári. Vegna faraldursins höfum við því miður hvað eftir annað þurft að aflýsa sýningum og viðburðum árið 2020. Þrátt fyrir þetta náðist að halda upp á 10 ára afmæli Grósku þann 1. mars með fjölsótttri listasmiðju og glæsilegri hnallþóruveislu sem opin var almenningi enda streymdu Garðbæingar að úr öllum áttum. Haldin var netsýning í vor og haustsýning undir heitinu *Breytt veröld* í Gróskusalnum í lok september. Að auki verður haldin netsýning Grósku á aðventu 1.-24. desember þannig að sýningarnar verða þrjár talsins.

Oftast hafa sýningar Grósku þó verið fleiri og til að bæta upp árið 2020 stefnum við að því að standa fyrir fleiri sýningum og viðburðum árið 2021. Við byrjum með *Afmælissýningu* í janúar (sem átti að vera í október 2020) og auk hinna árvissu sýninga erum við með sitthvað fleira í bígerð. Fólk er orðið langþreytt á faraldri og hömlum og þráir að fá að njóta aftur listviðburða og gleðjast saman. Við í Grósku munum ekki láta okkar eftir liggja til að það geti orðið árið 2021 enda berast nú fréttir af bóluefni með von um bjartari tíma. Við trúum því einnig að þessi tími hafi blásið sköpunarkrafti Gróskufélaga byr undir báða vængi svo að þeir komi enn öflugri en áður til leiks.

Með stuðningi Garðabæjar hefur Gróska skipulagt fjölbreyttar og vandaðar sýningar og viðburði undanfarinn áratug, ásamt námskeiðum fyrir félagsmenn, og vonum við að svo verði áfram.

Með vinsemd og virðingu og von um áframhaldandi farsælt samstarf í náinni framtíð.

Fyrir hönd stjórnar Grósku

Gunnar Júlíusson, formaður

Rúna K. Tetzschner, varaformaður

Laufey Jensdóttir, fyrrverandi formaður